
SORPA
Rekstraráætlun 2013-2017

# Greinargerð rekstraráætlunar

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2013 – 2017 var samþykkt á stjórnarfundi samlagsins þann 1. október síðastliðinn. Nú er rekstraráætlun næsta árs og næstu fimm ára unnin saman sem ekki hefur verið gert áður.

FORSENDUR

Almennar forsendur áætlunar fyrir árið 2013 komu fram í bréfi fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dagsettu 21. ágúst 2012. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2013 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar

Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum Reykjavíkurborgar er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2013 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2012 skv. útkomuspá byggt á 8 mánaða tölum. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2012, nema að gert er ráð fyrir að magn heimilisúrgangs minnki en magn endurvinnsluefnis (s.k. blátunnuefnis) aukist að sama skapi. Gert er ráð fyrir að blátunnuefni berist SORPU í breyttu hirðufyrirkomulagi sveitarfélaganna.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2012. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þeim þáttum þar sem minnihluti tekna SORPU (ennþá sem komið er) kemur frá sölu endurvinnsluefna heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu á sölu metans árin 2013 og 2014 en salan haldist síðan stöðug árin þar á eftir.

Gert er ráð fyrir að afsláttarfyrirkomulag verði óbreytt þ.e. viðskiptatengdir afslættir almennra viðskiptamanna upp á 3%, 5% og 7% haldist óbreyttir og afsláttur eigenda (sveitarfélaganna) verði áfram 18%.

Áætun 2014 – 2017 er gerð á föstu verðlagi ársins 2013

Hafnarfjarðarbær
Innk: 6.11.2012
Málsnr: 1210285
Bréfal: 580-2

Samþykkt af stjórn SORPU bs. 29. október 2012

FJÁRFESTINGAR

*Álfsnes*

Stærsta einstaka fjárfestingin á næstu árum er bygging gasgerðarstöðvar. Heildar byggingarkostnaður er á þessu stigi áætlaður um 2 milljarðar fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi[1]. Erfitt er að ákvarða nákvæmar tímasetningar eða hvenær má gera ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist eða þeim ljúki. Í áætluninni er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2013 en þeim ljúki árið 2015. Rétt þykir að að gera grein fyrir fjárfestingarþörf í áætlunum SORPU þar sem um framkvæmd lagaskyldu er að ræða á verksviði SORPU bs. **Hins vegar er samþykkt rekstraráætlunar hvorki ávísun á heimild eigenda til lántöku eða endanleg ákvörðun um framkvæmd verkefnisins, heldur verður framkvæmda- og fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun verður tekin í stjórn SORPU bs.**.

Árin 2013, 2014 og 2015 er gert ráð fyrir að metanhreinsistöð í Álfsnesi sé stækkuð og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi og bregðast við aukinni eftirspurn.

Á árunum 2014 – 2017 er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að byggingu brennslustöðvar til að uppfylla frekar markmið um að draga úr urðun á úrgangi sem fram koma bæði í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreifanlegum/færanlegum vinnutækjum.



*Gufunes*

Gert er ráð fyrir að fjárfesta þurfi í flokkunarbúnaði/undirbúningi fyrir vinnslu úrgangsins í gasgerðarstöð og er gert ráð fyrir að sú vinnsla fari fram í Gufunesi. Gert ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessa hefjist árið 2013 og verði lokið á sama tíma og bygging gasgerðarstöðvar. Um er að ræða búnað til frekari hökkunar / kurlunar úrgangsins og skilvirkari flokkun málma. Gert er ráð fyrir

[1] *Kostnaðaráætlunin byggir á staðsetningu í Álfsnesi en ekki liggur fyrir ákvörðun um að gasgerðarstöðin verði staðsett þar.*

að í Gufunesi fari fram allur undirbúningur úrgangsins fyrir gasgerð fyrir utan blöndun með stoðefnum en sú aðgerð veri framkvæmd í Álfsnesi.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á föstum og hreifanlegum vinnutækjum.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvukerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára.

*Endurvinnslustöðvar*

Árið 2014 er gert ráð fyrir að hafin verði undirbúningur að byggingu nýrrar/breyttrar endurvinnslustöðvar á norðursvæði höfuðborgarsvæðisins og stöðin verði byggð árið 2015 en tekin í notkun árið 2016.

TEKJUR

Árin 2013 og 2014 er gert ráð fyrir aukinni sölu á metani en sú sala standi í stað árin þar á eftir. Magnaukning úrgangs árin 2014 – 2017 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á *höfuðborgarsvæðinu* öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári.

Á tímabilinu 2015 – 2017 aukast afskriftir verulega í takt við að nýjar lausnir eru teknar í notkun auk þess sem fjármagnsgjöld vegna nýrra lána þyngja mjög róðurinn. Til að reksturinn skili jákvæðri niðurstöðu er gert ráð fyrir að gjaldskrá/tekjur þurfi að hækka sem hér segir:

| Ár | Tekjuaukning / gjaldskrárbreyting |
|---|---|
| 2014 | 2,5% |
| 2015 | 2,8% |
| 2016 | 2,5% |
| 2017 | 1,3% |

Rétt er að hafa í huga að í þessari framsetningu er gert ráð fyrir að allur fjárfestingarkostnaður sé tekinn að láni og reiknað með 4,5% vöxtum. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að eigendur leggi fram aukið stofnframlag og þar með séu lántökur minnkaðar.

GJÖLD

Í áætlun ársins 2013 er gert ráð fyrir þeim þekktu launabreytingum sem þegar hefur verið samið um – sé launabreyting ekki þekkt s.k. kjarasamningi eru forsendur Reykjavíkurborgar um þróun launavísitölu notuð sem áætlun um breytingu á launakostnaði. Gert er ráð fyrir fækkun starfsmanna um 3 ársverk á endurvinnslustöðvum árið 2013 (miðað við árið 2012) en ársverkafjöldi sé óbreyttur árin á eftir.

Ný rein var tekin í notkun árið 2011 og hefur kostnaður við gerð hennar verið gjaldfærður eftir notkun. Gert er ráð fyrir að árið 2013 verði 30 milljónir gjaldfærðar vegna þessa og það sé síðasti

hluti þess fyrirframgreidda kostnaðar. Árið 2016 þarf að fara í nýja rein og er gert ráð fyrir að gjaldfæra 50 milljónir árið 2016 og árið 2017 vegna þessa.

Á tímabilinu verður þjónusta við móttökustöðina boðin út sem og þjónusta í Álfsnesi. Gert er ráð fyrir að sparnaður náist í þeim útboðum, auk aukinnar hagræðingar í rekstri sem leiði til þess að almennur rekstrarkostnaður hækki ekki í fullu samræmi við aukið magn. Breytt vinnslufyrirkomulag í Gufunesi og gasgerð í stað urðunar leiðir til nýrra kostnaðarþátta en á móti er gert ráð fyrir að hægt sé að lækka annan kostnað. Því er almennt ekki gert ráð fyrir að almennur rekstarkostnaður byggðasamlagsins hækki.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvana standast á. Endurvinnslustöðvarnar hafa eigin tekjur m.a. af sölu klippikorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Nú er ljóst að Endurvinnslan hf. vill breyta fyrirkomulagi og hefur þegar tilkynnt að ekki verði lengur greitt umboðsgjald vegna móttöku slíkra umbúða á Sævarhöfða og Dalvegi frá 1. nóvember 2012 og Mosfellsbæ frá 1. apríl 2013 að telja. Samningaviðræður við Endurvinnsluna standa yfir og ekki ljóst með niðurstöðuna. Í áætlun ársins 2013 er gert ráð fyrir að tekjur endurvinnslustöðvanna minnki vegna þessa og verði starfsmönnum fækkað vegna þessa. Sú fækkun starfsmanna mun þó ekki geta unnið upp lækkun í tekjum. Mismun tekna og gjalda greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari breytingum í móttöku skilagjaldsskyldra umbúða eftir árið 2013 en forsendan er sú að samningar takist við Endurvinnsluna hf.

Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að byggð verði ný endurvinnslustöð á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Á móti er gert ráð fyrir að aflagðar verði ein eða tvær stöðvar. Rekstrarkostnaður haldist því óbreyttur þrátt fyrir nýja stöð.



# Rekstrarreikningur áætlun 2013 - 2017

| Rekstrartekjur | Ársreikningur 2011 | Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2012 | Útkomuspá 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustutekjur | 1.986.139.099 | 1.101.067.179 | 2.135.107.915 | 2.171.945.014 | 2.388.436.884 | 2.484.776.874 | 2.577.459.052 | 2.642.297.612 |
| Aðrar tekjur | 18.508.309 | 9.036.963 | 87.966.662 | 91.081.000 | | | | |
| | 1.976.849.328 | 1.110.104.142 | 2.223.074.577 | 2.263.026.014 | 2.388.436.884 | 2.484.776.874 | 2.577.459.052 | 2.642.297.612 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | |
| Laun og tengd gjöld | 584.617.569 | 304.866.996 | 612.577.459 | 617.485.283 | 630.452.474 | 644.952.881 | 660.109.273 | 675.291.787 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.265.525.340 | 751.118.009 | 1.454.036.420 | 1.486.588.238 | 1.456.588.238 | 1.456.588.238 | 1.506.588.238 | 1.506.588.238 |
| Afskriftir | 126.449.746 | 69.725.537 | 135.852.000 | 133.714.380 | 152.078.177 | 292.690.000 | 303.340.000 | 305.390.000 |
| | 1.948.794.575 | 1.125.710.542 | 2.202.465.879 | 2.237.787.901 | 2.239.118.888 | 2.394.231.118 | 2.470.037.511 | 2.487.270.024 |
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 28.054.753 | ( 15.606.400) | 20.608.698 | 25.238.113 | 149.317.996 | 90.545.756 | 107.421.541 | 155.027.587 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og arður, gengismunur | 6.737.574 | 665.876 | 1.500.000 | 1.500.000 | 1.600.000 | 1.700.000 | 1.800.000 | 1.900.000 |
| Vaxtagjöld og verðbætur og gengismunur | ( 15.328.866) | ( 10.997.962) | ( 18.800.000) | ( 18.500.000) | ( 25.700.000) | ( 81.200.000) | ( 98.100.000) | ( 118.700.000) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 9.435.403 | 0 | 0 | 0 | | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 2.844.111 | ( 10.332.086) | ( 17.300.000) | ( 17.000.000) | ( 24.100.000) | ( 79.500.000) | ( 96.300.000) | ( 116.800.000) |
| **Hagnaður ársins** | 30.898.864 | ( 25.938.486) | 3.308.698 | 8.238.113 | 125.217.996 | 11.045.756 | 11.121.541 | 38.227.587 |

Samþykkt af stjórn SORPU bs. 29. október 2012

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Ársreikningur 2011 | Árshlutareikningur 1/1-30/6 2012 | Útkomuspá 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | | | | |
| Gufunes móttökustöð | 472.386.621 | 496.283.248 | 489.440.315 | 469.983.283 | 449.942.918 | 428.485.886 | 396.189.986 | 363.303.547 |
| Álfsnes urðunarstöð/svæðisáætlun | 216.599.080 | 223.323.373 | 239.891.142 | 696.661.679 | 1.587.086.179 | 2.385.982.602 | 2.039.416.606 | 2.064.659.154 |
| Gufunes vélar og tæki | 186.616.278 | 172.656.621 | 151.418.522 | 365.390.637 | 532.928.325 | 507.798.934 | 478.320.830 | 450.574.721 |
| Endurvinnslustöðvar | 449.622.578 | 449.622.578 | 449.622.578 | 449.622.578 | 459.622.578 | 469.622.578 | 759.622.578 | 759.622.578 |
| | 1.325.224.557 | 1.341.885.820 | 1.330.372.557 | 1.981.658.177 | 3.029.580.000 | 3.791.890.000 | 3.673.550.000 | 3.638.160.000 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 19.010.545 | 22.578.545 | 22.578.545 | 22.578.545 | 22.578.545 | 22.578.545 | 22.578.545 | 22.578.545 |
| Langtímakröfur | 3.329.543 | 1.593.430 | 0 | 0 | | | | |
| Bundnar bankainnstæður | 14.610.782 | 18.163.370 | 21.910.782 | 29.710.782 | 37.910.782 | 46.410.782 | 55.210.782 | 64.410.782 |
| | 36.950.870 | 42.335.345 | 44.489.327 | 52.289.327 | 60.489.327 | 68.989.327 | 77.789.327 | 86.989.327 |
| **Fastafjármunir** | 1.362.175.427 | 1.384.221.165 | 1.374.861.884 | 2.033.947.504 | 3.090.069.327 | 3.860.879.327 | 3.751.339.327 | 3.725.149.327 |
| **Veltufjármunir** | | | | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 172.739.173 | 195.777.087 | 213.600.000 | 288.200.000 | 300.400.000 | 313.200.000 | 326.700.000 | 340.600.000 |
| Aðrar kröfur | 5.387.961 | 16.315.794 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Kröfur á tengd félög | 49.141.295 | 54.405.647 | 52.700.000 | 55.000.000 | 57.300.000 | 59.800.000 | 62.300.000 | 65.000.000 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 55.000.000 | 45.000.000 | 35.000.000 | 15.000.000 | | | | |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 3.329.542 | 3.186.859 | 3.263.105 | | | | | |
| Handbært fé: | | | | | | | | |
| Bankainnstæður | 186.524.790 | 109.913.122 | 219.208.084 | 184.103.765 | 221.599.938 | 268.835.694 | 315.097.235 | 311.314.822 |
| **Veltufjármunir** | 472.122.761 | 434.598.509 | 528.771.189 | 547.303.765 | 584.299.938 | 646.835.694 | 709.097.235 | 721.914.822 |
| **Eignir samtals** | 1.834.298.188 | 1.808.819.674 | 1.903.633.073 | 2.581.251.269 | 3.674.369.265 | 4.507.715.021 | 4.460.436.562 | 4.447.064.149 |

Samþykkt af stjórn SORPU bs. 29. október 2012

## 31. desember ár hvert

### Skuldir og eigið fé

| | Ársreikningur 2011 | Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2012 | Útkomuspá 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | | | | |
| Stofnfé | 336.962.569 | 336.962.569 | 336.962.569 | 336.962.569 | 336.962.569 | 336.962.569 | 336.962.569 | 336.962.569 |
| Stofnfé - endurvinnslustöðvar | 223.758.078 | 236.167.944 | 248.073.086 | 273.073.086 | 299.573.086 | 326.673.086 | 366.173.086 | 408.273.086 |
| Óráðstafað eigið fé | 698.122.876 | 672.184.390 | 701.431.574 | 709.669.688 | 834.887.684 | 845.933.440 | 857.054.981 | 895.282.568 |
| **Eigið fé samtals** | 1.258.843.523 | 1.245.314.903 | 1.286.467.229 | 1.319.705.343 | 1.471.423.339 | 1.509.569.095 | 1.560.190.636 | 1.640.518.223 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 42.526.156 | 45.747.644 | 83.240.611 | 661.332.000 | 1.576.732.000 | 2.100.932.000 | 1.983.932.000 | 1.916.932.000 |
| Skuldir vegna endurvinnslustöðva | 206.759.758 | 188.757.416 | 178.715.307 | 159.400.000 | 142.300.000 | 352.800.000 | 360.700.000 | 316.100.000 |
| Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað | 16.013.926 | 19.716.923 | 23.313.926 | 31.113.926 | 39.313.926 | 47.813.926 | 56.613.926 | 65.813.926 |
| **Langtímaskuldir** | 265.299.840 | 254.221.983 | 285.269.844 | 851.845.926 | 1.758.345.926 | 2.501.545.926 | 2.401.245.926 | 2.298.845.926 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 112.531.307 | 137.022.799 | 151.840.000 | 187.000.000 | 189.400.000 | 192.200.000 | 197.500.000 | 200.400.000 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 126.895.398 | 125.886.255 | 133.000.000 | 134.000.000 | 136.000.000 | 139.100.000 | 142.400.000 | 145.700.000 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 70.728.120 | 46.373.734 | 47.056.000 | 88.700.000 | 119.200.000 | 165.300.000 | 159.100.000 | 161.600.000 |
| **Skammtímaskuldir** | 310.154.825 | 309.282.788 | 331.896.000 | 409.700.000 | 444.600.000 | 496.600.000 | 499.000.000 | 507.700.000 |
| **Skuldir samtals** | 575.454.665 | 563.504.771 | 617.165.844 | 1.261.545.926 | 2.202.945.926 | 2.998.145.926 | 2.900.245.926 | 2.806.545.926 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | 1.834.298.188 | 1.808.819.674 | 1.903.633.073 | 2.581.251.269 | 3.674.369.265 | 4.507.715.021 | 4.460.436.562 | 4.447.064.149 |

Samþykkt af stjórn SORPU bs. 29. október 2012

# Sjóðstreymi 2013 - 2017

| Handbært fé frá rekstri | Ársreikningur 2011 | Árshlutareikningur 1/1-30/6 2012 | Útkomuspá 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Frá rekstri: | | | | | | | | |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | 28.563.141 | (25.938.486) | 3.308.698 | 8.238.113 | 125.217.996 | 11.045.756 | 11.121.541 | 38.227.587 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | | |
| Afskriftir | 126.449.746 | 69.725.537 | 135.852.000 | 133.714.380 | 152.078.177 | 292.690.000 | 303.340.000 | 305.390.000 |
| Sölu(hagnaður)/tap fastafjármuna | 380.573 | 0 | | 0 | | | | |
| Ábyrgðargjald v/urðunarstaða | 5.590.889 | 3.135.790 | 7.300.000 | 7.800.000 | 8.200.000 | 8.500.000 | 8.800.000 | 9.200.000 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | (9.435.403) | 0 | 0 | 0 | | | | |
| Verðb. og gengism. af eignum og skuldum | 14.853.407 | 8.322.386 | 9.968.000 | 6.632.000 | | | | |
| | 166.402.353 | 55.245.227 | 156.428.698 | 156.384.493 | 285.496.173 | 312.235.756 | 323.261.541 | 352.817.587 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | | |
| Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) | (7.747.044) | (29.230.099) | (24.031.571) | (56.900.000) | 500.000 | (15.300.000) | (16.000.000) | (16.600.000) |
| Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) | (1.653.638) | 23.482.349 | 45.413.295 | 36.160.000 | 4.400.000 | 5.900.000 | 8.600.000 | 6.200.000 |
| | (9.400.682) | (5.747.750) | 21.381.724 | (20.740.000) | 4.900.000 | (9.400.000) | (7.400.000) | (10.400.000) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 157.001.671 | 49.497.477 | 177.810.422 | 135.644.493 | 290.396.173 | 302.835.756 | 315.861.541 | 342.417.587 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | | |
| Fjárfest í Gufunesi | (79.432.783) | (55.747.605) | (71.000.000) | (45.000.000) | (45.000.000) | (45.000.000) | (35.000.000) | (35.000.000) |
| Fjárfest í flokkun | | | | (230.000.000) | (200.000.000) | (50.000.000) | (30.000.000) | (30.000.000) |
| Fjárfest í gasgerðarlausn | | | | (300.000.000) | (825.000.000) | (675.000.000) | (45.000.000) | (45.000.000) |
| Fjárfest í lóð | | | | (50.000.000) | | | | |
| Fjárfest í gasbrennsistöð og varabirgðum | | | | (150.000.000) | (100.000.000) | (15.000.000) | | |
| Fjárfest í brennslustöð / undirbúningur | | | | | (10.000.000) | (10.000.000) | (15.000.000) | (150.000.000) |
| Fjárfest í Álfsnesi og svæðisskipulag | (66.243.517) | (30.639.196) | (70.000.000) | (10.000.000) | (10.000.000) | (30.000.000) | (10.000.000) | (10.000.000) |
| Fjárfest í Endurvinnslustöðvum | | 0 | 0 | 0 | (10.000.000) | (25.000.000) | (50.000.000) | |
| Söluverð fastafjármuna | 13.889.974 | 0 | 0 | 0 | | | | |
| Breyting langtímakrafna | 3.528.858 | 1.878.796 | 3.395.980 | 3.263.105 | | | | |
| Breyting bundinna innstæðna | (5.641.534) | (2.985.381) | (7.300.000) | (7.800.000) | (8.200.000) | (8.500.000) | (8.800.000) | (9.200.000) |
| Fjárfest í eignarhlutum | (1.500.000) | (3.568.000) | (3.568.000) | | | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | (135.399.002) | (91.061.386) | (148.472.020) | (789.536.895) | (1.208.200.000) | (1.063.500.000) | (193.800.000) | (279.200.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | | |
| Ný langtímalán | 31.146.269 | 0 | 50.000.000 | 650.000.000 | 1.000.000.000 | 900.000.000 | 50.000.000 | 50.000.000 |
| Greiddar afborganir langtímalána | (109.727.400) | (47.457.625) | (70.970.116) | (56.211.918) | (71.200.000) | (119.200.000) | (165.300.000) | (159.100.000) |
| Stofnfjáraukning | 18.782.656 | 12.409.866 | 24.315.008 | 25.000.000 | 26.500.000 | 27.100.000 | 39.500.000 | 42.100.000 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | (59.798.475) | (35.047.759) | 3.344.892 | 618.788.082 | 955.300.000 | 807.900.000 | (75.800.000) | (67.000.000) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | (38.195.806) | (76.611.668) | 32.683.294 | (35.104.320) | 37.496.173 | 47.235.756 | 46.261.541 | (3.782.413) |
| Handbært fé í byrjun tímabils | 224.720.596 | 186.524.790 | 186.524.790 | 219.208.084 | 184.103.765 | 221.599.938 | 268.835.694 | 315.097.235 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 186.524.790 | 109.913.122 | 219.208.084 | 184.103.765 | 221.599.938 | 268.835.694 | 315.097.235 | 311.314.822 |

Sampykkt af stjórn SORPU bs. 29. október 2012

25.10.2012 / 11:49

# Rekstraráætlun 2013

Sundurliðanir með áætlun - einstakar deildir

Deild 50 Endurvinnslustöðvar

| | Ársreikningur 2011 | Áætlun 2012 | Útkomuspá 2012 | Áætlun 2013 |
|---|---|---|---|---|
| **Laun og launatengd gjöld** | **183.564** | **196.797** | **188.922** | **186.506** |
| Laun | 144.566 | 158.284 | 151.448 | 149.926 |
| Launatengd gjöld | 38.998 | 38.513 | 37.474 | 36.580 |
| **Annar starfsmannakostnaður** | **5.306** | **4.577** | **5.384** | **5.851** |
| Annar starfsmannakosntaður | 5.306 | 4.577 | 5.384 | 5.851 |
| **Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs** | **287.252** | **291.945** | **360.059** | **360.488** |
| Eyðingargjöld | 156.803 | 143.466 | 186.240 | 188.381 |
| Flutningar | 80.211 | 91.194 | 111.428 | 108.763 |
| Véla og gámaleiga | 47.140 | 50.590 | 50.696 | 55.603 |
| Innlend útboðsverk | | | | |
| Rekstrarvörur | 18 | | | |
| Landleiga og urðunargjald | | | | |
| Innlend tækniaðstoð | 2.353 | 2.000 | 7.000 | 2.500 |
| Erlend tækniaðstoð | | | | |
| Viðhald véla og tækja | 535 | 4.463 | 4.463 | 5.000 |
| Tryggingar véla og tækja | | | | |
| Rannsóknarkostnaður og eftirlit | 192 | 232 | 232 | 241 |
| **Rekstur húsnæðis og lóðar** | **31.479** | **41.428** | **41.031** | **42.673** |
| Húsaleiga | | | | |
| Rafmagn og hiti | 4.239 | 3.822 | 6.201 | 6.439 |
| Viðhald og rekstur húsnæðis | 11.186 | 4.200 | 4.200 | 4.368 |
| Viðhald lóðar | | 11.025 | 11.025 | 11.466 |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga | 4.309 | 4.438 | 4.285 | 4.456 |
| Snjómokstur / hálkueyðing | 1.702 | 2.894 | 2.894 | 3.010 |
| Hreinlætiskostnaður | | | 6.605 | 6.869 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 10.043 | 15.049 | 5.821 | 6.065 |
| Viðhald fasteigna og útivsvæðis | | | | |
| Öryggisgæsla | | | | |
| **Markaðs- og sölukostnaður** | **1.230** | **5.733** | **5.733** | **5.962** |
| Auglýsingar | 772 | 1.654 | 1.654 | 1.720 |
| Styrktarauglýsingar | 40 | 105 | 105 | 110 |
| Kynningarkostnaður/sölulaun | 418 | 3.974 | 3.974 | 4.132 |
| **Rekstur bifreiða og flutningatækja** | **2.071** | **2.997** | **3.110** | **3.235** |
| **Skrifstofu og stjórnunarkostnaður** | **34.158** | **31.621** | **34.070** | **35.604** |
| Viðhald skrifstofuáhalda | 95 | 331 | 331 | 344 |
| Aðk.akstur | 930 | 1.019 | 1.019 | 1.060 |
| Ritföng/prentun/bækur | 879 | 1.613 | 1.575 | 1.638 |
| Sími/burðargjöld | 3.086 | 2.650 | 2.625 | 2.730 |
| Ferða og fundakostnaður | 44 | 579 | 579 | 602 |
| Rekstur tölvubúnaðar | 10.900 | 7.899 | 10.450 | 10.868 |
| Aðkeypt þjónusta | 16.548 | | 17.491 | 18.191 |
| Sölutap fastafjármuna | | | | |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur | | | | |
| Annar kostnaður | 1.676 | 17.530 | | 171 |
| Ófyrirséð | | | | |
| **Annar rekstrarkostnaður samtals** | **361.496** | **378.301** | **449.387** | **453.813** |
| **Afskriftir** | **205** | | | - |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **545.265** | **575.098** | **638.309** | **640.319** |

Samþykkt af stjórn SORPU bs. 29. október 2012

| | Skipting árið 2012/2013 | ársreikningur 2011 | Áætlun 2012 | Útkomuspá 2012 | Áætlun 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Móttökugjöld- klippikort | | | 41.000 | 41.000 | 50.000 |
| Málmar | | | 40.191 | 45.266 | 58.204 |
| Endurvinnslan umboðslaun | | | 63.000 | 70.000 | 40.000 |
| Úrvinnslusjóður | | | 3.150 | 3.150 | 3.371 |
| Aðrar tekjur | | | 13.092 | 12.146 | 13.065 |
| Pappírssöfnun grenndargámar | | | 12.060 | 14.000 | 12.904 |
| Endurgreiðslur bylgjupappa | | | 5.132 | 5.770 | 4.040 |
| Útseld þjónusta | | | | | |
| **Samtals eigin tekjur** | | **178.200** | **177.625** | **191.332** | **181.584** |
| **Innheimt hjá sveitarfélögunum** | | **359.400** | **397.473** | **446.977** | **458.735** |
| **Samtals** | | **537.600** | **575.098** | **638.309** | **640.319** |
| Greiðslur einstakra sveitarfélaga | | | | | |
| Reykjavíkurborg | 58,42% | | 233.995 | 261.130 | 268.000 |
| Hafnarfjörður | 13,02% | | 51.253 | 58.211 | 59.742 |
| Kópavogur | 15,34% | | 60.408 | 68.583 | 70.387 |
| Garðabær | 5,55% | | 21.440 | 24.798 | 25.450 |
| Seltjarnarnes | 2,12% | | 8.515 | 9.479 | 9.729 |
| Mosfellsbær | 4,35% | | 16.985 | 19.459 | 19.971 |
| Álftanes | 1,19% | | 4.878 | 5.316 | 5.456 |
| | **100,00%** | **359.400** | **397.474** | **446.977** | **458.735** |

Samþykkt af stjórn SORPU bs. 29. október 2012